



Kontrabassaleikarinn **Þórir Jóhannsson** lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar Postgraduate Diploma frá the Royal Northern College of Music í Manchester. Eftir nokkurra ára dvöl í Danmörku þar sem Þórir var lausráðinn við nokkrar helstu hljómsveitir beggja vegna Eyrarsundsins flutti hann aftur til Íslands haustið 2000 og er nú fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er kennari í Tónlistarskóla Kópavogs og er virkur kammertónlistarmaður. Þórir spilar reglulega með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og auk þessa að hafa frumflutt tvö einleiksverk sem voru samin sérstaklega fyrir hann, “Gradus ad Profundum” eftir Karólínu Eiríksdóttur og “Bagatelle” eftir Óliver Kentish, konsertinn “Ad Lucem” fyrir kontrabassa og kammersveit einnig eftir Óliver og nú síðast “Rhapsodia per Contrabasso et Piano” eftir Þórð Magnússon sem kom út á hlómddiskinum “La Poesie” árið 2013. Í nóvember árið 2006 kom Þórir fram sem einleikari fyrir hönd Félags Íslenskra Tónlistarmanna á ársfundi Nordisk Solistråd í Osló. Frá haustmánuðum 2008 þáði Þórir laun úr Listasjóði til í sex mánaða.